

Heilbrigðisnefnd Norðurlands vestra

Fundur

Fundur haldinn í Heilbrigðisnefnd Norðurlands vestra Þriðjudaginn 13. nóvember 2018 að Sæmundargötu 1. Sauðárkróki kl: 15.00. Mættir eru undirritaðir auk Sigurjóns Þórðarsonar framkvæmdastjóra og Sigríður Hjaltadóttir heilbrigðisfulltrúa.

1. Bændamarkaðurinn á Hofsósi 2018 – hvað má betur fara og umgjörð sölu á matvælum beint frá býli.
2. Fjárhagsáætlun 2019
3. Eftirlitsgrunnur Heilbrigðiseftirlitsins.
4. Bréf og mál til kynningar:
 - i) Umhverfisstofnun:
 - a) Reglugerð 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.
 - b) Eftirlit Verinu Vísindagörðum.
 - c) Kárastaðir eftirlit og tíðni mælinga.
 - d) Eftirlit Primex.
 - ii) Matvælastofnun:
 - a) Innköllun á morgunkorni.
 - b) Vanmerkt súkkulaði.
 - c) Innköllun á kjöti frá Birkihlíð.
 - d) Lyfjavirkt te.
 - e) Minnisblað MAST - breytingar á lögum um matvæli 93/1995 og innleiðing á þeim.
 - iii) Skipulagsmál:
 - a) Greinargerð vegna vinnu við deiliskipulag í Flatnefslandi, Húnaþingi vestra.
 - b) Matsáætlun fyrir Þverárfjallsveg – ákvörðun Skipulagsstofnunar
 - c) Skipulag Skagabyggð – kynning á fyrirhugaðri vinnu við deiliskipulag Kálfshamarvík.
 - iv) Önnur erindi:
 - a) Þormóðshot vegna tiltektar.
 - b) Umsögn til Sýslumanns v. starfsemi Frostastöðum.
 - c) Umsögn til Sýslumanns v. starfsemi Háavegi 14 Siglufirði.
 - d) Umsögn til Sýslumanns Hof.
 - e) Vegna starfsleyfis Áka bifreiðapjónustu.

5. Leyfisveitingar.

- a) Olíuverslun Íslands, veitingarekstur og verslun í Varmahlíð.
- b) Áfengis og tóbaksverslun ríkisins vegna vínbúðar að Smáragrund 2, Sauðárkróki.
- c) Áfengis og tóbaksverslun ríkisins vegna vínbúðar að Húnabraut 5, Blönduósi

- d) Starfsleyfi Vinnuvéla Símonar sbr. reglug. 550/2018, til að taka upp olútanka Ketilási, Fljótum.
- e) KS, Fljótum matvöruverslun og veitingastofa.
- f) Vinnubúðir á Blönduósi, Beka ehf
- g) Frostastaðir, Sara Regina Valdimarsdóttir v. sölu gistingar Frostastöðum 561 Varmahlíð.
- h) Páfastaðir, 551, Sauðárkróku, Sigurður Baldursson v. vatnsveitu við matvælaframleiðslu Páfastöðum.
- i) Lindargata 14, 580 Siglufjörður, Daniel Stahelin, vegna gististaðar

6. Gjaldskrár til umfjöllunar:

- a) Gjaldskrá fyrir Hirðu móttöku og flokkunarstöð fyrir úrgang í Húnaþingi vestra.
- b) Gjaldskrá fyrir hunda og kattahald í Húnaþingi vestra.
- c) Gjaldskrá fyrir hreinsun rotþróa í Húnaþingi vestra.
- d) Gjaldskrá fyrir sorphirðu í Húnaþingi vestra.

Afgreiðslur:

1. Bændamarkaðurinn á Hofsósi og forstjóri MATÍS kom á fundinn og skýrði frá aðkomu MATÍS að markaðnum.

Heilbrigðisnefnd álítur að almennt hafi tekist vel til með Bændamarkaðinn sem MATÍS stóð fyrir á Hofsósi sl. sumar, en engin kvörtun eða athugasemd barst frá neytendum vegna matvæla sem voru á boðstólnum á Hofsósi. Það er miður að það frávik hafi átt sér stað, að til sölu hafi verið óheilbrigðisskoðaða kjöt á Bændamarkaðnum. Farið er fram á að Bændamarkaður MATÍS verði framvegis starfræktur í samræmi við lög og reglur. Nú stendur yfir vinna á vegum Matvælastofnunar og heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga við að endurskoða reglur og eftirlit með “beint frá býli” en æskilegt væri að nýta reynsluna af starfrækslu Bændamarkaðarins á Hofsósi í þeirri vinnu.

2. Fjárhagsáætlun fyrir árið 2019,

Tekjur

Framlög sveitarfélaga	17.000.000
Eftirlitsgjöld	27.300.000
Aðrar sértekjur	3.900.000
	48.200.000

Rekstrargjöld:

Laun og annar starfsmannakostnaður	35.500.000
Annar rekstrarkostnaður	12.000.000
Afskriftir	675.000
	48.175.000
	Samþykkt.

3. Mál kynnt:

Eftirlitsgrunnur Heilbrigðiseftirlitsins kynntur.

4. Mál kynnt:

Við lið 4 i) a) Reglugerð 550/2018 var eftirfarandi bókun gerð:

Heilbrigðisnefnd lýsir yfir vonbrigðum og undrun, með að umhverfis- og auðlindaráðuneytið hafi ekki haft raunverulegt samráð við heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga og Samband íslenskra sveitarfélaga við gerð reglugerðar sem snertir leyfisveitingar til fyrirtækja.

Minnt er á að farið var í gerð reglugerðarinnar með það að markmiði að einfalda leyfisveitingaferilinn til hagsbóta fyrir almenning og atvinnulífið. Útfærslan þ.e. reglugerð 550/2018 hefur heldur betur snúist upp í andhverfu sína, þar sem reglugerðin leiðir af sér flóknari og kostnaðarsamari leyfisveitingaferil. Reglugerðin felur í sér flutning á verkefnum frá HES og til UST, þrátt fyrir yfirlýsta stefnu um að flytja verkefni til sveitarfélaganna. Reglugerðin er mjög óskýr og inn í almennan ramma um leyfisveitingaferli og eftirlit eru felld inn tæknileg ákvæði um starfsemi sem er ekki að finna á Íslandi og afar ólíklegt að muni taka til starfa á Íslandi sbr. kafli um brennsluver.

Nýleg dæmi um breytingu á leyfisveingarferli og eftirliti með örfyrirtækjum í fiskeldi sem gerð var undir sömu formerkjum og reglugerð 550/2018, leiddi af sér að starfsleyfisgjald hækkaði úr 19.266 kr. og í 246.000 kr. Árlegt gjald vegna eftirlits hækkaði úr 22.000 kr. í 187.000 kr.

Enn er allt óljóst um endanlega útfærslu á leyfisveitingaferli þar sem enn á eftir að setja reglugerð um skráningarskyldu og hvaða fyrirtækjum er ætlað að falla undir hana. Af þeim takmörkuðu upplýsingum sem hafa komið frá ráðuneytinu má helst ráða að útfærslurnar muni auka kostnað og flækjustig í leyfisveingarferlinu.

Það er rétt að vekja athygli sveitarfélaga sem standa að rekstri HeNv að reglugerð 550/2018 mun auka á rekstrarkostnað eftirlitsins og setja fjárhag Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra fyrir árið 2019 í nokkra óvissu.

Önnur mál kynnt.

5. Leyfisveitingar.

- a. Mál 1358
Olíuverslun Íslands, veitingarekstur og verslun í Varmahlíð.
Samþykkt til 13.11.2030
- b. Mál 1359
Áfengis og tóbaksverslun ríkisins vegna vínbúðar að Smáragrund 2, Sauðárkróki.
Samþykkt til 13.11.2030
- c. Mál 1360
Áfengis og tóbaksverslun ríkisins vegna vínbúðar að Húnabraut 5, Blönduósi
Samþykkt til 13.11.2030
- d. Mál 1361
Starfsleyfi Vinnuvéla Símonar sbr. reglug. 550/2018, til að taka upp olútanka
Ketilási, Fljótum.
Samþykkt til 13.11.2019
- e. Mál 1362
KS, Fljótum matvöruverslun og veitingastofa.
Samþykkt til 13.11.2030
- f. Mál 1363
Vinnubúðir á Blönduósi, Beka ehf.
Samþykkt til 13.11.2020
- g. Mál 1364
Frostastaðir, Sara Regina Valdimarsdóttir v. sölu gistingar Frostastöðum 561
Varmahlíð.
Samþykkt til 13.11.2030
- h) Mál 1365
Páfastaðir, 551, Sauðárkrókur, Sigurður Baldursson v. vatnsveitu við
matvælaframleiðslu Páfastöðum.
13.11.2030
- i) Mál nr.1366
Lindargata 14, 580 Siglufjörður, Daniel Stahelin, vegna gististaðar
13.11.2030

6. Gjaldskrár:

- a. Gjaldskrá fyrir Hirðu móttöku og flokkunarstöð fyrir úrgang í Húnaþingi vestra.
Samþykkt.
- b. Gjaldskrá fyrir hunda og kattahald í Húnaþingi vestra.
Samþykkt.
- c. Gjaldskrá fyrir hreinsun rotþróa í Húnaþingi vestra.
Samþykkt.
- d. Gjaldskrá fyrir sorphirðu í Húnaþingi vestra.

Samþykkt .

Fleira ekki gert og fundi slitið

Margrét Eva Ásgeirsdóttir

Ari Jóhann Sigurðsson

Lee Ann Maginnis

Konráð Karl Baldvinsson

Guðný Kristjánsóttir

Guðný Hrund Karlsdóttir